



Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar

INNGANGUR	
Skilgreining	<i>Bráðamengun: „Mengun hafs og stranda sem verður skyndilega og krefst tafarlausra aðgerða“.</i>
Tilgangur	<i>Viðbragðsáætlun útskýrir fyrstu viðbrögð við bráðamengun og ber starfsmönnum verksmiðjunnar að þekkja hana til hlítar.</i>
Markmið	<i>Að lágmarka og helst útiloka alveg neikvæð umhverfisáhrif vegna bráðamengunar.</i>
Umfang	<i>Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar byggist á áhættumati. Áætlunin getur átt við eftirfarandi starfsemi eða aðstæður:</i> <i>Olíumengun vegna díselolíu</i> Áhætta: Olía fer í sjó <i>Lýsismengun</i> Áhætta: Lýsi fer í sjó eða jarðveg <i>Fitu- og grútarmengun</i> Áhætta: Fita og grútur í sjó
Ábyrgð	<i>Starfsmaður sem verður var við bráðamengun ber ábyrgð á að koma ferli skv. þessari áætlun af stað. Verksmiðjustjóri tekur við stjórn aðgerða á vettvangi og aðrir starfsmenn hjálpa til við að minnka mengun og leka. Verksmiðjustjóri ber ábyrgð á að kynna starfsmönnum þessa áætlun og skulu þeir kunna rétt viðbrögð við bráðamengun.</i>

FRAMKVÆMD

Starfsmaður sem verður fyrst var við bráðamengun skal samstundis hafa samband við eftirfarandi aðila:

Neyðarlínuna 112

Hafnaryfirvöld – 893 0027 / 488 2540

Verksmiðjustjóra – 481 2120 / 897 1158

Mikilvægt er að eftirfarandi komi fram þegar hringt er

- Hver hringir
- Hvaðan er hringt
- Hvað kom fyrir
- Hvað er búið að gera
- Símanúmer sem hægt er að ná í viðkomandi.

Telji starfsmaður sig geta stöðvað eða lágmarkað hættu á mengunarslysi án þess að leggja sjálfa sig eða aðra í hættu skal hann gera það. Byrja skal á því að koma í veg fyrir frekari mengun með því að stöðva leka og loka niðurföllum t.d. með því að breiða plastpoka yfir niðurföll ef um olíu- /lýsismengun er að ræða.

Mikilvæg símanúmer:	
Neyðarlínan (Slökkvilið, lögregla, sjúkrabílar, eitrunarmiðstöð)	112
Hafnaryfirvöld	893 0027 / 488 2540
Umhverfisstofnun	591 2000
Framkvæmdarstjóri	488 8000
Verksmiðjustjóri	897 1158

Ritstýrt af: Kristján I. Sigurðsson	Í gildi frá: 29 08 2014	Endurskoðun:1.9.2015
Samþykkt af: Sigurður Friðbjörnsson	Útgáfa nr: 1	Vistað: S:\FIVE\Viðbragðsáætlun